

Grímsnes- og Grafningshreppur
Skipulagsfulltrúi
Borg
805 Selfossi

Garðabær, 3. júlí 2025
202506-0144/F.G.J.
08.01

Efni: Ósk um umsögn - Aðalskipulag - Lýsing - Villingavatn L170831; Nytjaskógrækt og landgræðsla

Vísað er til erindis Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á aðalskipulagi hreppsins innan jarðar Villingavatns L170831. Í greinargerð kemur fram að með breytingunni verði sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni og heimiluð skógrækt á allt að 1.300 ha svæði. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta skóg sem bindur kolefni, skapa timburnytjar og græða upp raskað land.

Náttúruverndarstofnun hefur skrifað nokkrar umsagnir tengdar þessu máli frá áramótum: um framkvæmdarleyfi vegna 1. áfanga skógræktarinnar,¹ um matsskyldu² og um matsáætlun³. Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar er því ekki ósvipuð þeim, sér í lagi þeirri um matsskylduna, svo ýmis atriði hér eru endurtekið efni. Taka skal fram að stofnunin heldur ekki til streitu öllum sínum athugasemdum sem veittar voru í hinum umsögunum eftir greinargóð og rökföst svör framkvæmdaraðila við þeim svo þær eru ekki hér að finna.

Aðalskipulagsbreyting

Náttúruverndarstofnun telur að tilefni sé til þess að meta hvort þurfi að skilgreina allt svæðið sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Forsendur eru fyrir því að endurskilgreina ekki svæði á og aðliggjandi náttúruminjaskrá eða sem njóta annarrar verndar skyldi umhverfismat leiða í ljós að verndargildi þeirra rýrni við fyrirhugaðar framkvæmdir. Einnig má nefna að norðan Grafningsvegar efri má finna votlendi, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem og vistgerðir í nokkru magni sem hafa mjög hátt og hátt verndargildi.

Vistgerðir og fuglalíf

Líkt og kemur fram í greinargerð einkennist svæðið, sérstaklega sunnan Grafningsvegar efri, af hraungambravist og er svæðið rofið. Í slíkri vist er fuglalíf nokkuð og er skógrækt líkleg til þess að valda breytingum á tegundasamsetningu svæðisins. Spói og heiðlóa eru algengustu tegundir hraungambravistar, en nýleg íslensk rannsókn sýnir marktæka fækkun þeirra.⁴ Báðar tegundir eru ábyrgðartegundir Íslands vegna þess hve stór hluti heimsstofna þeirra verpir hér á landi og eiga þær

¹ Skipulagsgátt - Umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna umsókn um framkvæmdarleyfi vegna skógræktar í landi Villingavatns

² Skipulagsgátt - Umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna matsskyldufyrirspurnar vegna skógræktar í landi Villingavatns

³ Skipulagsgátt - Umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna matsáætlunar varðandi skógrækt í landi Villingavatns

⁴ Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

undir högg að sækja vegna mannlegra umsvifa. Nýbirtur válisti fugla frá Náttúrufræðistofnun⁵ sýnir að þær hafa færst um tvo flokka frá síðustu flokkun árið 2018 — nú teljast þær í nokkurri hættu en 2018 ekki í hættu. Spói og heiðlóa verpa almennt ekki í skóglendi og rannsóknir hafa sýnt mikil jaðaráhrif skóga á þær, þ.e. þær kjósa að verpa frekar fjarri skógum en nálægt þeim.⁶

Þó hraungambravist sé í miklum meirihluta á svæðinu má nefna að innan svæðisins, sér í lagi norðan Grafningsveggar efri, finnast lyngmóavist sem er með hátt verndargildi og starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í starungsmýravist er almennt ríkulegt fuglalíf og algengt að vað- og mófuglategundir líkt og lóuþræll, spói, þúfuttlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti hana til varps. Vistgerðin er ósamfelld og nokkuð strjál á þessu svæði skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar⁷ en vettvangsathuganir vegna umhverfismats munu leiða vistgerðarsamsetningu betur í ljós. Vert er að nefna að þær tegundir á Íslandi sem aðlagast skógrækt vel standa betur að vígi á Íslandi en þær sem nýta sér opið mólendi eða votlendi, sé válistinn hér að ofan skoðaður.

Framkvæmdasvæðið liggur við tvö svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvæg fuglasvæði. Hið fyrra kallast Suðurlandsundirlendi (VOT-S3), en svæðið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir tegundir sem eru ábyrgðartegundir Íslands⁸, þar á meðal áðurnefndar vaðfuglategundir og svo heiðagæs, himbrima og skúm. Hið síðara nefnist Sogið-Þingvallavatn (VOT-S 6) og er það alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima, húsönd og gulönd. Áhrif skógræktar á andfugla eru ekki vel þekkt hér á landi en vert er að skoða aðflugshorn gagnvart litlum stöðuvötnum líkt og Villingavatni sé skógur gróðursettur þétt upp við það.

Trjátegundir

Í greinargerð kemur fram að trjátegundirnar sem á að gróðursetja séu alaskaösp, sitkagreni, birki og lerki eða fura. Náttúruverndarstofnun bendir á að við skógrækt ætti að leitast við að nota innlendar trjátegundir, t.a.m. birki, reynivið og blæösp.

Aðgát skal höfð við gróðursetningu stafafuru í skógrækt. Í nýlegri íslenskri langtímarannsókn⁹ á stafafuru sem var gróðursett í skógrækt í Steinadal um miðja 20. öld kemur fram að tegundin hafi breitt tífalt úr sér miðað við áætlun og sýni af sér veldisvöxt. Hún hefur tekið yfir fjölbreytt búsvæði, þ. á m. náttúrulega birkiskóga og heiðalönd. Tegundin tengist mikilli minnkun í tegundaauðgi og fjölbreytileika æðplantna innan vistkerfa. Í greininni er vísað í Nýsjálenska rannsókn, þar sem tegundum æðplantna á grassvæðum hefur fækkað á 20 ára tímabili úr 38 niður í 7 þar sem stafafura hefur gerst ágeng eftir skógrækt — og engar tegundanna sem stóðu eftir voru innlendar. Niðurlag rannsóknarinnar er að í Steinadal hafi stafafura eiginleika framandi ágengrar lífveru, þó hún hafi ekki verið skilgreind sem slík, og að hægt væri að yfirfæra þá skilgreiningu á flest innlend vistkerfi á láglandi landsins.

Framandi ágengar tegundir eru ein helsta ógnin sem steðjar að líffræðilegum fjölbreytileika. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika, en Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum þess efnis, þ.á.m. Bernarsamningnum og Samningi

⁵ Náttúrufræðistofnun - Válisti fugla 2025

⁶ Aldis E.P. o.fl., 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59, bls. 2456–2467.

⁷ Náttúrufræðistofnun - Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi,

⁸ Náttúrufræðistofnun - Forgangstegundir fugla

⁹ Pawel W., Guðrún Ó. og Þóra E.P. (2025). Lodgepole pine (*Pinus contorta* Douglas ex Loudon) invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study, *NeoBiota*, 97, bls. 47-66.

Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Skoða ætti hvort ekki sé hægt að gróðursetja innlendar trjátegundir í stað stafafuru.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að hafa í huga mögulega útbreiðslu trjátegunda sem gætu tekið yfir nálæg landsvæði og haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.

Náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að innan svæðisins er ekki að finna nútímahraun eða aðrar jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun bendir á að innan svæðisins eru vistkerfi sem falla undir ákvæði ofangreindrar lagagreinar s.s. votlendi (>20.000m²) og stöðuvötn (>1.000m²)

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendrar plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda óheimil á friðlýstum svæðum og á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar.

Þó fram komi í greinargerð að ekki verði gróðursett í votlendi þá þarf að huga að mögulegum áhrifum á vistkerfi votlendis af umfangsmikilli skógrækt og svo plægingu í nágrenninu (en skv. framkvæmdaáætlun er nánast öll plæging framkvæmdarinnar norðan Grafningsvegjar efri, líkt og votlendið sem finnst á jörðinni.

Innan jarðarinnar er Villingavatn, sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd og er skráð nr. 773 á náttúruminjaskrá: *Villingavatn, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnið sjálft, votlendið umhverfis og aðdragandi þess. (2) Votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.*

Nyrsti hluti svæðis nr. 752 á náttúruminjaskrá liggur innan marka jarðarinnar að sunnanverðu: *Hengilssvæðið, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadal og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.* Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt hluta þessa svæðis, þ.e. Grændal, til framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár vegna jarðhitavistgerða og jarðhitalækja sem hafa hátt til mjög hátt verndargildis og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Einnig er þar að finna fjölda válistategunda. Vert er að nefna að þessi ríkulegi hluti Grændals er væntanlega ekki hluti af framkvæmdasvæði, en taka ber þó tillit til svæðisins eins og það er skilgreint.

Nyrst á framkvæmdasvæðinu liggur svæðið Sogið-Þingvallavatn sem er einnig tilnefnt til ofangreindrar framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár en forsendur fyrir vali svæðisins er að það er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima á haustin og húsönd og gulönd á veturna.¹⁰

Vatnamál

Svæðið er innan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns, en um það gilda lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í 1. mgr. 3. gr. kemur fram að innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðs- og grunnvatn. Einnig er á

¹⁰ Náttúrufræðistofnun. Sogið-Þingvallavatn.

fyrirhuguðu skógræktarsvæði vatnsverndarsvæði (fjarsvæði) og svæðið liggur upp við bæði grann- og brunnsvæði. Náttúruverndarstofnun bendir á að skoða ætti málið í samhengi við þetta og mögulega mengun á vatni vegna notkun áburðar eða þess háttar — um 20-37 tonn af áburði verða notuð — sbr. lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.¹¹ Stofnunin telur mikilvægt að fyrirhugaðar skipulagsbreytingar taki mið af vatnaáætlun og ofangreindum lögum. Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið leiðbeiningar¹² um gerð áhrifamats áætlana á vatnshlot svæðisins. Mikilvægt er að slíkt áhrifamat liggur fyrir við mat verkefnisins.

Virðingarfyllt,

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
verkefnisstjóri

¹¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022–2027](#).

¹² [Umhverfis- og orkustofnun - Áhrifamat fyrir vatnshlot](#).